

Nd.

330. Nefndarálit

[128. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52 1957, um eyðingu refa og minka.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og einnig annað frumvarp um breytingu á sömu lögum frá Gísla Guðmundssyni o. fl. Bæði frumvörpin voru send til Sveins Einarssonar veiðistjóra til umsagnar, og fylgir álit hans hér með sem fylgiskjal.

Eins og kunnugt er, hefur Sveinn Einarsson mikla reynslu í þessum málum, og teljum við, sem að þessu nefndaráliti stöndum, eðlilegast að fara að ráðum hans í þessu efni, og eru tillögur okkar sniðnar eftir umsögn hans.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en við undirritaðir leggjum til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Fyrir „kr. 300.00“ kemur: kr. 400.00.
2. Við 2. gr. Fyrir „kr. 1100.00“ kemur: kr. 1400.00.
3. Á eftir 2. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Eftir gildistöku þessara laga endurgreiði ríkissjóður að fullu kostnað við eyðingu minka samkv. lögum.

Alþingi, 2. febr. 1971.

Stefán Valgeirsson, Vilhjálmur Hjálmarsson.
frsm.

Fylgiskjal.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Veiðistjóri

Reykjavík, 2. des. 1970.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis
Alþingi

Ég vísa til bréfs háttvirtrar landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis og sendi eftirfarandi umsögn mína varðandi tvö lagafrumvörp um breytingar á lögum um eyðingu refa og minka frá 1957.

Þegar umrædd lög tóku gildi 1957, var það álit margra veiðimanna, að nokkurs ósamræmis gætti í verðlaunagreiðslum fyrir unnin dýr, þannig að verðlaun fyrir að vinna ref, kr. 350.00, voru of lág miðað við að vinna mink, kr. 200.00.

Mitt álit er, að verðlaun fyrir að vinna hin svonefndu hlaupadýr hafi verið of lág í fyrstu, hvað þá nú. Með tilliti til þess og ýtrustu hófsemi í útgjöldum, þá legg ég til, að verðlaun fyrir unna refi verði hækkuð í kr. 1400.00, svo sem gert ráð fyrir í þingskjali 137, og verðlaun fyrir að vinna mink í kr. 700.00, svo sem gert er ráð fyrir í þingskjali 150.

Þá tel ég nauðsynlegt, að verðlaun fyrir unnin grendýr og yrðlinga verði einnig hækkuð, svo sem gert er ráð fyrir í þingskjali 137.

Nái þessar verðlaunahækkanir fram að ganga, mun það vafalaust auka mikið áhuga fyrir dýraveiðunum á ný, en þess hefur gætt undanfarin 2—3 ár, að áhugi fyrir veiðunum hefur minnkað verulega sökum of lágra verðlauna.

Viðvíkjandi 3. gr. í þingskjali 137 leyfi ég mér að taka eftirfarandi fram: Eftir að hafa haft nán kynni af þessum málum um langt árabil, er það skoðun mín, að greiðslur fyrir minkavinnslu komi mjög misjafnt og óréttlátlega á sveitarfélög landsins, þar sem sum þeirra telja aðeins örfáa gjaldendur, og má í því sambandi t. d. benda á Þingvallasveit, Skógarströnd, Ögurhrepp og ýmis önnur fámenn hreppsfélög, þar sem villiminkur heldur sig mjög mikið. Mér er vel kunnugt um, að þessi fámennu hreppsfélög eiga í erfiðleikum með að standa í skilum við veiðimenn með tilskilin verðlaun fyrir unnin dýr, sem geta orðið á annað hundrað talsins á einu ári.

Það er ekki síður í þágu þeirra, sem í þéttbýlinu búa, að þessum skaðvaldi, sem villiminkurinn er í náttúrulífi landsins, sé eytt eins og frekast má verða. Það er engin sanngirni í, að þeir, sem búa í strjálbýlinu og þola jafnframt margvíslegt

fjárhagslegt tjón af völdum minka, verði einnig að bera meiri kostnað við eyðingu hans en aðrir landsmenn. Það voru ekki bændur, sem fluttu minkinn inn í fyrstu, og ekki eru það þeir, sem hefja minkarækt hér að nýju. Ef lítið er á þessi mál með skilningi og sanngirni, þá hlýtur það að vera réttlætiskrafa, að kostnaður við eyðingu villiminka komi þó jafnt niður á alla landsmenn. Það er sannfæring mín, að taki ríkissjóður á sig allar greiðslur vegna eyðingar villiminka, muni það gjörbreyta henni til hins betra og útiloka ýmsa erfiðleika, sem nú er við að etja.

Ég lít svo á, að þegar þessi lagabreyting er rædd, sé nauðsynlegt að athuga, hvernig hún yrði í framkvæmd, til að fyrirbyggja hugsanlega misnotkun. Enn fremur álit ég, að ef til þeirrar lagabreytingar kæmi, að ríkissjóður tæki á sig allan kostnað við eyðingu villiminka, þá eigi sýsluskrifstofur að annast allar greiðslur vegna hennar fyrir hönd ríkissjóðs.

Tala unninna dýra á öllu landinu síðustu árin er um 450 fullorðin grendýr, 1200 yrðlingar, 400 utan grenja (hlaupadýr) og nærri 3000 minkar á ári.

Virðingarfyllt,
Sveinn Einarsson.